

Sp.

143. Tillaga til þingsályktunar

[93. mál]

um haf- og fiskirannsóknir á þorskvertíð 1962.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir, að fiskideild atvinnudeildar háskólans fái til sinna umráða á komandi þorskvertíð eitt af skipum landhelgisgæzlunnar eða annað hentugt skip til samfelldra og víðtækra rannsókna á hafsvæðinu við Suðvesturland, sem verði framkvæmdar bæði frá hafræðilegu og fiskifræðilegu sjónarmiði á tímabilinu febrúar—maí 1962.

Greinargerð.

Hið mikla hrygningarsvæði þorsksins fyrir Suðvesturlandi hefur verið talið svo sjálfsagt og eðlilegt fyrirbæri, að vísindalegar haf- og fiskirannsóknir hafa að mjög takmörkuðu leyti beinzt að því. Þorskurinn kemur og fer á svipuðum tíma. Innlend og erlend veiðiskip moka honum upp á skarpasta hrygningartímanum í marz—apríl. Við suðvesturströndina og Faxaflóa berst að landi undirstaðan að útflutningsverðmætum, sem nema öðru hvoru megin við 1500 milljónir íslenskra króna. Að loknu veiðitímabili er svo rætt um góða eða lélega vertíð eftir ástæðum.

Jafnhliða bættri veiðitækni og meiri aflasókn telja menn, að um árvaxandi afla-ryrnun sé að ræða. Margar tilgátur eru um ástæður fyrir því. Flestir tilgreina og margt bendir til ofveiði á stofninum. En vísindaleg þekking okkar á lífsskilyrðum og lífsafkomu fisksins á veiðisvæðinu er svo takmörkuð, að vel mætti vera, að fleiri atriði kæmu til greina, án þess að um það sé vitað.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans hefur á að skipa færum vísindamönnum og starfsmönnum við sjó- og svifrannsóknir, þorsk-, karfa- og sildarrannsóknir, botndýra- og flatfiskrannsóknir, en allt rennur þetta nokkuð í sama farvegi og tengir hvað annað að meira eða minna leyti. Þeir hafa nú orðið ágæt vinnuskilyrði í landi til vísindalegra afreka fyrir sjávarútveg þjóðarinnar, en verkefni og verk-nyting hefur ávallt takmarkast — og gerir það enn — að verulegu leyti af því, að þá skortir skip undir eigin umsjón til gagnasöfnunar og rannsókna á sjónum.

Sú tilhögun, sem verið hefur um skipakost þessarar vísindastofnunar, er veiki hlekkurinn í starfseminni. Nokkur skilningur hefur vaknað fyrir þessu í sambandi við sildarrannsóknir fyrir Norðurlandi á sumrin, og þar hafa verið gerðar skipu-lagsbundnar rannsóknir. Með framanritaðri tillögu er stefnt að því, að hér eftir verði lögð rík áherzla á auknar rannsóknir um lífsafkomu þorsksins hér við land. Að sjálfsögðu kemur margt til greina, og má nefna t. d. rannsóknir á hafstraumum og hitabreytingum sjávar, svifi, hrygningu þorsksins og magni á ýmsum svæðum og þá jafnframt, hvort umferð tuga og hundraða skipa ásamt lögn og tilfærslu veiðarfæra yfir og um þau svæði, þar sem fiskseiðin við þroskun koma upp undir eða í yfirborð til fæðuöflunar, gæti haft einhver áhrif á uppvaxtarmöguleika ungviðisins.

Í framhaldi af baráttu okkar fyrir stækkun landhelginnar og skilningi og viðurkenningu annarra þjóða á mikilvægi fiskveiða okkar er siðferðileg skylda okkar að sýna þeim, að við höfum sjálfir skilning á og vilja til að kynna okkur allt, sem snertir mikilvægi hrygningarstöðva nytjafiska okkar hér við land. Stórt skref í þessu efni er að hefjast nú þegar handa um víðtækar og samfelldar vísindarannsóknir fyrir Suðvesturlandi á komandi þorskvertíð.

Að í tillögunni er bent á skip frá landhelgisgæzlunni, er í fyrsta lagi vegna þess, að eitt eða tvö þeirra eru útbúin fyrir rannsóknir og skipverjar þeirra þjálfaðir í slíkum störfum. Ekki væri fráleitt að hugsa sér, að þetta skip gæti einnig stundað eftirlit með veiðisvæðum, ef af skiptingu þeirra yrði. Slík tilhögun með skip landhelgisgæzlunnar hefur verið framkvæmd af hálfu ríkisvaldsins í sambandi við sildarrannsóknir norðanlands, meðan það ástand ríkir, að fiskideild atvinnudeildar hefur ekki fengið fullkomið rannsóknarskip til eigin umráða.